

Eystrahorn

Miðvikudagurinn 22. apríl 2020

Gleðilegt sumar!



STÓRI PLOKKDAGURINN

Á DEGI UMHVERFISINS LAUGARDAGINN 25. APRÍL

Við hvetjum íbúa til að tína rusl á stóra plukkdeginum!

Við hlýðum Víði og því munum við ekki koma saman heldur dreifa okkur í tíma og rúmi. Inni á Facebook-hópi okkar má finna kort af Höfn og Nesjahverfi þar sem hægt verður að velja sér svæði. Það er hugsað til að dreifa mannskap og hámarka afköst. Þóssum upp á 2 m regluna og hugum að sóttvörnum.



Gott að vera í fjölnota hönskum og tína í fjölnota poka. Öendurvinnanlegu rusli má skila í gám við áhaldahús.

Umhverfissamtök Austur-Skaftafellssýslu

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA GLEÐILEGT SUMAR !



Nú er vetur úr bæ rann í sefgrænan sæ.--Ó blessuð vertu sumarsól, er sveipar gulli dal og hól. Við heilsum sumri með hækkandi sól og von um betri tíð og blóm í haga. Við þökkum innilega því fólki sem stendur í fremstu víglínu í varnarbaráttunni við veiruna skæðu. Með leiðbeiningum og umönnun þeirra erum við að ná góðum árangri ! Ef við stöndum saman virðum reglur og þóssum hvert annað náum við SIGRI !

Stjórn Félags eldri Hornfirðinga !



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Sveitarfélagið auglýsir eftir ungmennum í vinnuskólann í sumar

Ungmennir sem fædd eru 2004 - 2007 geta sótt um vinnu í vinnuskólanum. Boðið er upp á vinnu frá kl. 9:00-12:00 eða kl. 13:00-16:00. Það fer allt eftir fjölda umsókna hvort við getum boðið upp á vinnu allan daginn í sumar en það verður þá auglýst síðar í tölvupósti til foreldra.

Eins og fyrr er vinnuskólinn í 8 vikur en hann hefst þann 8. júní og síðasti vinnudagur er 31. júlí.

Til að sækja um vinnu er best að senda tölvupóst á herdisiv@hornafjordur.is þar sem fram koma upplýsingar um nafn ungmennis, kennitölu, heimilsfang, nafn foreldra, símanúmer, tölvupóstfang, bankaupplýsingar og hvenær ungmennið mun vilja vinna (tímabil) og þá einnig hvort unnið verður f.h. eða e.h.

Jafnframt er hægt að fara inn á íbúagátt og sækja um vinnu en það þarf að muna eftir að skrá allar upplýsingar.

Við hvetjum alla til að sækja um í vinnuskólanum líka þá nemendur sem eru að ljúka 9. og 10. bekk

Umsóknarfrestur er til 10. maí n.k.

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum þá vinsamlegast sendið tölvupóst á: herdisiv@hornafjordur.is eða hringið í síma 8418833



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Starfsfólk óskast

Starfsfólk óskast í almenn fiskvinnslustörf
há Skinney – Þinganesi.

Þurfa að geta hafið vinnu sem fyrst.

Vinsamlegast sendið umsóknir á kristin@sth.is

Upplýsingar veitir
Kristín Ármannsdóttir
í síma 895-4569



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlarent

ISSN 1670-4126



Sími: 588-4477 • www.valholl.is
Hornafjörður - Reykjavík - Snæfellsnes
Snorri Snorrason löggiltur fasteignasali
Sími: 478-2000 / 895-2115 • snorri@valholl.is

Snorri Snorrason
lögg. fasteignasali
Sími: 478-2000
GSM: 895-2115
snorri@valholl.is



Nýbygging á Höfn

VÍKURBRAUT 27 C
Glæsilegt 3ja herb., 85,2 fm raðhús ásamt 6,8 fm verönd við aðaldyr, 19,4 fm verönd við stofu og um 5,3 fm útigeymslu / tæknirými. Íbúðirnar verða afhentar fullbúnar. Nánari upplýsingar gefur fasteignasalan.



Nýbygging á Höfn

VÍKURBRAUT 27H
Glæsileg 3ja herb. 100 fm endaíbúð ásamt 9,8 fm verönd við aðaldyr, 39,2 fm verönd við stofu og um 5,3 m² útigeymslu / tæknirými. Íbúðirnar verða afhentar fullbúnar. Nánari upplýsingar gefur fasteignasalan.



"GAMLA SUNDLAUGIN"

Einstakt tækifæri til að eignast þessa sérstöku fasteign. Húsið er skráð safn og er 322,4 m² sem skiptist í 105,1 m² hæð, 3,7 m² stíghúshús og 213,6 m² kjallara. Sundlaugarkarið er 75 m². eða 12,5 m á lengd og 6m á breidd.

Um hákarlinn, er nauðsynlegt að berja hann?

Ég rakst nýlega á grein á vef Al Jazeera um hákarlaveiðar í Ómanssundi. Bláðamaður, sem er einnig kafari, var að taka myndir neðansjávar nálægt fiskiþorpinu Kumzar – myndin fylgir hér með.

Veitt er á opnum báti, með hákarlagildru sem er þyngd til að sökkva niður á botn. Krókarnir eru síðan beittir með lifandi fiski og gildran skilin eftir í 1-2 sólarhringa.

Þegar fiskimaður kemur aftur og finnur hákarlinn, er hann dreginn upp á yfirborðið, rotaður og þá landað. Veiðarnar eru gömul hefð á svæðinu, faðir veiðimannsins sem bláðamaðurinn fékk að fylgja stundaði sömu veiðar.

Algengasta veiðin er flóaháfur, hvituggi, sleggjuhaus og jafnvel hvalhákarl. Hákarlaveiðar eru ekki ólöglegar í Oman, en þó eru reglur um að dýrið þurfi að selja í heilu lagi – reglur sem fyrst og fremst eru til að sporna við veiðum þarsem einungis uggarnir eru hirtir og afgangurinn af dýrinu skilin eftir. Árið 2008 gerðist Oman aðili að Samning um alþjóðavörslu með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, en á honum eru reyndar bæði sleggjuhaus og hvalhákarl. Það er enn í vinnslu hvernig yfirvöld ætla sér að stjórna veiðunum.

Fiskimenn fara með aflann sinn á markað í Khasab en þaðan er hann fluttur út til Sameinuðu arabísku furstadæmanna. Kjötíð er verkað og fryst en uggarnir eru fluttir út. Þegar lítið er á sölu á heimsvísu sýna tölur seinustu ára aukningu á verslun með hákarlajakjöt, til Brasilíu og fleiri suður-Ameríku landa – en þetta er oft blekking því í raun og veru er kjötsalan leið til að fara í kringum bann á uggaveiði. Allt dýrið er flutt fram og til baka um heiminn en raunveruleg seld vara er aldrei neitt annað en uggarnir. Eitthvað af kjötinu lendir í hakki eða á ehsk uppruna-gráu svæði einsog í gervikrabba og surimi – smærri háfar



einsog deplaháfur eru vinsælir á borðum í USA, Ítalíu og Frakklandi – en þar getur spilað inn í að bann er við innflutningi á stærri háfiskum vegna kvikasilfurshættu.

Þrátt fyrir þetta og aukna vitund er reiknað að aðeins einn þriðji af heiminum hafi innleitt löggjöf til að stemma gegn drápi á háfiskum fyrir uggana eingöngu.

Meira en fjórðungur allra hákarlategunda er í útrýmingarhættu. Dýrin eru bráðnauðsynlegur hlekkur í lífríki sjávar og jarðar allrar – og nýlega er farið að telja stærri sjávardýr með því lífríki sem bindur í sig koltvísýring og sem er þá sem aldrei fyr bráðnauðsynleg viðspyrna við hnattrænni hlýnun.

Dæmið sem hér er tekið er af smábátautgerð, nokkuð sem eitt og sér er ekki vandamálið – ekki frekar en hákarlaveiði á Íslandi áður en

Færeyingar, Norðmenn, Danir og fleiri settu hér á fót markaðsútgerð og gerðu út á stærri skipum. Þó var hákarlaveiðin hér ekki endilega sjálfbær þótt Íslandingunum grönnduðu ekki mörgum skepnum í samanburði við þann sjávarútveg sem síðar varð. Um leið og lýsið varð aðalatriðið var ekki endilega alltaf verið að hirta kjötíð. Oscar Clausen lýsti veiðiaðferð sem dýrið var ekki einusinni tekið upp í bát heldur rist upp í sjónum og aðeins hirt innan úr því.

Samt er þessi munur á markaðsútgerð á risaskípum andspænis smábátaveiðum nokkuð sem vert er að skoða núna þegar við fáum í fangið þetta tækifæri til að endurskoða svo margt í mannanna verki.

Gísli Magnússon
bókavörður

Til kattaeigenda!



Varptími fugla er að hefjast!

Íbúar Sveitarfélagsins Hornafjarðar hafa þau forréttindi að búa í nágrenni við miklar náttúruperlur þar sem meðal annars fuglalíf er alltumlykjandi. Það er á þessum tíma árs þar sem varptími fugla fer af stað að fuglarnir eru sérstaklega útsettir fyrir rándýrum, þar með talið eru kettir.

Höfn, þar sem líklega flestir kettir sveitarfélagsins búa er á milli tveggja svæða sem tilnefnd eru á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruvinnjaskrár, meðal annars vegna verndunar á fuglum, en það er Skarðsfjörður og Hornafjörður.

Skorað er á kattaeigendur að halda köttum inni yfir varptíma. Kettir eru öflug og afkastamikil

rándýr sem höggva stór skörð í stofna fugla sem verpa í nágrenni við mannabústaði ár hvert. Á varptíma er því afar mikilvægt að lausaganga katta sé takmörkuð og þá sérstaklega yfir nóttina. Bjöllur og kragar er betri vörn en engin, en lang best er að halda þeim inni.

Kattakragar hafa verið að gefa góða raun við fælingarmátt. Kragarnir eru í skærum litum og gera það að verkum að rándýrinu tekst síður að læðast að bráðinni, þar sem fuglar sjá skæra líti mjög vel. Rannsóknir sýna að kettir með kraga drepa allt að 19 sinnum færri fugla en kettir sem eru ekki með kraga. Þá hafa kragar sem eru marglitir (regnbogalitir) gefið betri árangur en rauðir eða gulir.

Samkvæmt 8.gr í samþykkt um kattahald er það skylda kattaeigenda að taka tillit til fuglalífs á varptíma. Mælst er til þess að kattaeigendur taki ábyrgð sína alvarlega og leggi sig fram við að lágmarka skaðann sem verður af lausagöngu katta.

Umhverfisfulltrúi

Sofðu vel
heilsunnar vegna

Húsgagnaval
Húsgögn og gjafavörur



Memory Deluxe

Svæðisskipt prýstjofnunardýna sem veitir fullkominn stöðing.

Hágæða sjö svæðisskipt heilsudýna sem styður rétt við líkamann Cool Memory efnaþáttur aðlagast líkamann og gefur betri öndun. Góð prýstjofnun og rettur stöðingur tryggir betra loftflæði og þú færð dýpri og betri svefn. Öll verð eru með og fotum

Svefn & heilsa
★★★★★

Úrval af rúmum og dýnum,
sama verð og í Reykjavík.
Frír flutningur um óákveðinn tíma,
gott að nýta tækifærið
Verið velkomin

Opið frá kl. 13-18 virka daga
478-2535 / 898-3664

Óskum öllum gleðilegs sumar!
Jóhann og Óla



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Hornafjörður
velliðan fyrir alla

Hreinsunarvikan 2020

Árleg hreinsunavika stendur nú yfir.

Íbúar sveitarfélagsins eru hvattir til þess að taka vel til í kringum húsin sín og í næsta umhverfi.

Fyrirtæki eru einnig hvött til að hreinsa til á lóðum sínum í kringum fyrirtækin og ekki síður á geymslulóðum.

Opnunartími söfnunarstöðvar við Sæbraut er:

Mánudagar: 13:00-17:00

Þriðjudaga 15:30-17:30

Miðvikudaga 15:30-17:30

Fimmtudaga frá 15:30-17:30

Laugardaga frá 11:00-15:00

Lokað föstudaga og sunnudaga.

STÓRI PLOKKDAGURINN- Dagur umhverfisins

Umhverfissamtök Austur-Skaftafellssýslu standa fyrir stóra plokkeginum laugardaginn 25. apríl n.k.

Íbúar sveitarfélagsins eru hvattir til að taka þátt og plokka! Nánari upplýsingar má finna á facebook síðu umhverfissamtakana. Þar getur fólk skráð sig á svæði og fengið nánari upplýsingar.

Gott að hafa meðferðis ruslatínsluprik, hanska og ílát/fjölnota poka og auðvitað góða skapið. Tilvalin laugardags afþreying fyrir alla fjölskylduna. Framan við Áhaldahúsið eru ruslatunnur þar sem hægt er að losa sig við óendurvinnanlegt sorp sem verður til við plokkið.

Tökum höndum saman og fegrum umhverfið fyrir sumarkomu og njótum afrakstursins, saman, í sitthvoru lagi!

Umhverfisfulltrúi

